

Nemendaráð Naustaskóla

3. fundur skólaárið 2011-2012

Dagsetning: 4. nóvember 2011

Mættir; Pétur Már 9.b, Hrannar Þór 9.b, Brynjar 8.b., Uglá 7.b., Freyr 6.b., Guðný Birta 5. bekk og Íris 4. bekk ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Hugmyndir um foreldrastarf. Stjórn Foreldrafélagsins hafði óskað eftir hugmyndum frá nemendum sem hægt væri að nýta til að endurnýja "hugmyndaskema" um viðfangsefni á bekkjarkvöldum hvers árgangs. Nemendaráð hafði safnað hugmyndum og komu eftirfarandi upp: Fara í keilu, fara í sund, hafa hárgreiðslukeppni, fótbolti og/eða fleiri íþróttagreinir (foreldrar gegn nemendum), leikir í íþróttahúsi, fara í golf, hafa búningakvöld, hafa "feluellingarleik í myrki", pókerkvöld, dýra/bangsakvöld, teiknisamkeppni, hæfileikakeppni (barn og foreldri saman með atriði). Stjórn Foreldrafélagsins fær þennan lista til úrvinnslu.

Nemendadagurinn. Rætt um skipulagningu nemendadagsins sem er á skóladagatali föstudaginn 25. nóvember. Niðurstaðan var að nota að grunni til skipulag frá síðasta ári en fram komu einnig ýmsar hugmyndir um breytingar. Skólastjóri og formaður "fínþússa" skipulagið með tilliti til þeirra hugmynda sem fram komu og leggja fyrir næsta fund.

Önnur mál.

- a) Áhugi er fyrir að halda "jólabball", þ.e. ball fyrir nemendur rétt fyrir jóla (ekki jólatrésskemmtun). Verður skoðað.
- b) Nemendaráð vill koma á framfæri áhuga sínum og annarra nemenda á að hafa lukkupakka á litlujólu, samt vilja nemendur gjarnan einnig láta gott af sér leiða t.d. með fjársöfnun eins og undanfarin ár.
- c) Ánægja með mötuneytið, smá athugasemd varðandi það að þarsíðast hefði vantað kokteilsósu með kjúklingnum (var í lagi síðast) og svo þyrfti að hafa "alvöru franskar" :)
- d) Ávextirnir, stungið upp á að prófa að hafa mangó og ananas og oftast melónur..

Næsti formlegi fundur áætlaður í þarnæstu viku..